

9. gr.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt á reglulegum aðalfundi stofnunarinnar. Samþykki minnst fimm stjórnarmanna þarf til breytinga á samþykktum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Stjórn Orators skipar þrjá menn til setu á fyrsta aðalfundi stofnunarinnar en aðrir taka sæti skv. ákvæðum 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

II.

Við kjör í fyrsta útgáfuráð skal einn kjörinn til þriggja ára, einn til tveggja ára og einn til eins árs og varamenn þeirra til sama tíma.

REGLUGERÐ**um B-gatnagerðargjöld í Skeggjastaðahreppi.****Þátttaka lóðhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.**

1. gr.

Sveitastjórn er heimilt að leggja á B-gatnagerðargjald á hús, nýbyggingar og stækkun eldri húsa sem standa á lóð sem skráð er við götu sem lögð hefur verið bundnu slitlagi.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, með eða án tvíbýlisaðstöðu	2,0%
Raðhús og tvíbýlishús	1,4%
Fjölbýlishús	1,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,0%
Opinberar byggingar	2,0%
Önnur hús og byggingar	1,0%

Lágmarksgjald af húseign skal miða við 200 rúmmetra þó hús sé minna.

3. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 2. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fara fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 2. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli, öðrum en lagningu gangstéttar, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar ef um hús við fullgerða götu er að ræða. Heimilt er gjaldanda að greiða 80% gjaldsins með skuldabréfi sem greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum, enda séu lánskjör skuldabréfsins hin sömu þ.e., vextir og verðtrygging, og eru á lánum Bygðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum skv. vísitölu enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, verðtryggingu og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1985.

Hreppsnefnd sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps í N-Múlasýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Skeggjastaðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða, um Bakkafjarðarkauptún.

Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húsa eigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út fyrir lóðamörk.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsi kaupsins varðar, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans, er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.